

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps að fenginni umsógn heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi nr. 245/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Borgarfirði eystri, 4. febrúar 2003.

Magnús Þorsteinsson sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurkaupstaðar, nr. 867/1999.

1. gr.

1. mgr. 44. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Aðal- og varamenn í bæjarstjórn eru varamenn í bæjarráði og taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 57. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. verður svohljóðandi:

Skipulags- og byggingarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 6 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fjallar einnig um umferðarmál sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar um atvinnumál í bænum.

b. 15. tölul. verður svohljóðandi:

Fræðslu- og uppeldisnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin fer einnig með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

c. 13. tölul. verður svohljóðandi:

Menningarnefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um menningarmál í bænum. Jafnframt bókasafnmál skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.

d. Ákvæði 2., 16. og 17. tölul. falla brott.

3. gr.

62. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri ásamt viðkomandi forstöðumanni ræður aðra starfsmenn deilda og stofnana en þá sem greinir í 61. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. mars 2003.

F. h. r.
Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Drangsness.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir varmaorku og annað sem hér er tilgreint, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Notendagjöld eru sem hér segir:

Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns	kr.	43
Fastagjald fyrir hvern mæli á dag verði	kr.	22
Lokunargjald	kr.	3.000
Gjald fyrir aukaálestur	kr.	500

Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu, og svarar það til notkunar 7,2 rúmmetra vatns á sólarhring). Notendur geta sótt um afslátt á vatnsgjaldi ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælubotns eftir að áætlað hámarksrennsli, sbr. að ofan, hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur.

Tengigjöld eru sem hér segir:

Heimæðagjald fyrir íbúðarhús	kr.	120.000
Heimæðagjöld fyrir húsnæði yfir 1200 rúmmetra að stærð	kr.	200.000

Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt af tengigjöldum og dreifa greiðslum á allt að 12 mánuði. Þá er sveitarstjórn heimilt að semja um lægri notendagjöld til stórnotenda í atvinnurekstri.

3. gr.

Notendagjöld samkvæmt 2. gr. verða krafín mánaðarlega með gjalddaga 20. dag næsta mánaðar og eindaga 10 dögum síðar. Lesið verður af mælum eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er að vaxtareikna ógreidd notendagjöld frá gjalddaga hafi þau ekki verið greidd á eindaga.